



Skýrsla frá 31. ráðstefnu AEFCA,
evrópska kvattspyrnuþjálfarafélagsins
í Póllandi 4. – 7. desember 2010

Sigurður Þórir Þorsteinsson

Kristján Guðmundsson

Ómar Jóhannsson

INNGANGUR :

31. ráðstefna evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins, AEFCA (www.aefca.eu) var haldin í Varsjá í Póllandi 4. – 7. desember 2010.



Mynd : Frá opnun ráðstefnunnar.

Þema ráðstefnunnar var „ Hvað getum við lært af FIFA heimsmeistarakeppninni árið 2010 ?“. Um það var fjallað á ráðstefnunni.

Franski heimsmeistarinn árið 1998 og Evrópumeistarinn árið 2000 Christian Karembeu flutti erindi um skýrslu tæknihóps FIFA frá HM. Þar kom helst fram tölfræði frá keppninni , m.a. á hvaði svæðum liðin forðuðust að brjóta af sér til að fá ekki á sig aukaspyrnur á hættulegum svæðum. Hvað einkenndi leikmenn bestu liðanna og hvað skyldi á milli, jafnt í sókn sem vörn. Þá varð Karembeu tíðrætt um mikilvægi bakvarða enda rann honum blóðið til skyldunnar

Tengill á fyrirlestur Karembeu:

http://www.aefca.eu/sites/default/files/AEFCA_Warsaw%202010_presentation_karembeu_en.pdf



Mynd : Karembeu í ræðupúltinu

Andy Roxburgh tæknistjóri UEFA leikgreindi keppnina frá sjónarhóli Evrópuþjóðanna. Hann talaði um meistaradeildina 2009 – 2010 og bar hana saman við HM 2010 og fór yfir það sem honum þykir líklegt að muni hafa áhrif á þróun knattspyrnunnar í kjölfar þessara keppna. Því miður, þá fékkst sá fyrirlestur ekki frá honum til birtingar á netinu.

Vladimir Weiss þjálfari Slóvakíu sem tókst að koma Slóvaíu í lokakeppnina á HM fór yfir það hvernig hann undirbjó sitt lið fyrir keppnina og hvernig hann vann með liðið fyrir og eftir leikina. Weiss var tíðrætt um liðsheild og samvinnu, að skapa liðsanda væri lykilatriði og lofaði stjórn og alla þá er störfuðu með honum í kringum liðið.

Tengill á fyrirlestur Weiss :

http://www.aefca.eu/sites/default/files/AEFCA_Warsaw%202010_Presentation%20Weiss_en.pdf

Jörg Daniel frá þýska knattspyrnusambandinu flutti fyrirlestur um hvernig þýska knattspyrnusambandið hefur byggt upp yngri landslið sín. Hann fjallaði um hvernig þau endurskipulögðu allt starf sitt fyrir um 10 árum sem hefur borið ríkulegan ávöxt sem sjá má á árangri landsliða Þjóðverja. Þetta er sami fyrirlestur og var á 40 ára afmælisráðstefnu KBÍ. Tengill á fyrirlestur Daniel :

http://www.aefca.eu/sites/default/files/AEFCA_Warsaw%202010_presentation_daniel_en.pdf

Jeff Tipping frá bandaríska sambandinu (NSCAA) sagði frá þeim breytingum og árangri sem hafa orðið á bandarískum fótbolta (eða frekar knattspyrnu) þrátt fyrir ógn frá bandarískum fótbolta, hafnarbolta og körfubolta. Tipping sagði frá því hvernig menntun þjálfara er uppbyggð í BNA ásamt því hvaða leiðir þeir fara til þess að afla sér menntunar frá t.d. Evrópu, áhrifavaldar og fyrirmyndir sem móta vinnuna að uppbyggingu fótboltans í BNA. Fróðlegur og sögulegur fyrirlestur hjá Tipping.

Tengill á fyrirlestur Tipping :

http://www.aefca.eu/sites/default/files/AEFCA_Warsaw%202010_Presentation%20Tipping_en.pdf

Gestgjafar ráðstefnunnar, fulltrúar frá pólska knattspyrnusambandinu og þjálfarafélaginu sögðu frá stöðu pólskrar knattspyrnu og einnig frá undirbúningi þeirra og Úkraínu fyrir úrslitakeppni Evrópukeppninar 2012 sem löndin halda sameiginlega.

Um 150 pólskir menntaðir þjálfarar ásamt landsliðsþjálfara Pólverja, Franciszek Smuda sátu ráðstefnuna og nýttu hana sem dags endurmenntun fyrir þjálfaragráður síðan.

LOKAORÐ :

31. ráðstefna evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins, AEFCA var haldin frekar seint á árinu 2010 og var vægast sagt mjög kalt í Póllandi á þessum tíma og þurfti m.a. að hætta við verklegar æfingar sem voru fyrirhugaðar.



Mynd : Ráðstefnugestir skoða íslagðan leikvöll Legia Warsjá.

Þrátt fyrir það var heitt inni og engin ástæða til annars en að hlusta vel á þá fyrirlestra sem voru í boði.

Að sjálfsögðu eins og við höfum sagt áður þá eru mis góðir fyrirlestrar á ráðstefnum og námskeiðum og var þessi ráðstefna engin undantekning á því.

Lykilatriðið er samt að við sem sækjum slíkar ráðstefnur komum því til skila til okkar landa á einn eða annan hátt þannig að aðrir þjálfarar fái vitneskju um það sem er í gangi í heiminum varðandi framþróun knattspyrnunnar.

Það er alltaf þannig að þú heyrir eitthvað sem þú hugsar með þér : „Hvers vegna er ég ekki búinn að nota þetta í mínu starfi. Nákvæmlega eins og þjálfarar segja á ráðstefnum /námskeiðum : „Já, þetta er góð æfing. Ég skil ekki hvers vegna ég hef ekki notað þessa útfærslu hjá mér“.

Þess vegna er nauðsynlegt fyrir alla að endurmennta sig og sjá og heyra hvað er í gangi í kringum okkur.

Sigurður Þórir Þorsteinsson

Formaður KÞÍ

Kristján Guðmundsson

Varaformaður KÞÍ

Ómar Jóhannsson

Gjaldkeri KÞÍ